

GJALDSKRÁ

Fasteignamats ríkisins fyrir upplýsingar úr Landskrá fasteigna o.fl.

1. gr.

Almennt gjald.

Verð fyrir upplýsingar úr Landskrá fasteigna er tvíþætt:

a) Grunngjald.

- 10 kr. sveitarfélög greiði fyrir hverja matseiningu;
- 25 kr. aðrir greiði fyrir hverja matseiningu.

b) Viðbótargjald.

- sveitarfélög greiði 0,0056% af heildarfasteignamati í sveitarfélaginu;
- aðrir greiði 1% af þeim tekjum sem aflað er á grundvelli upplýsinga úr skránni.

Ef keypt eru fleiri en eitt eintak af skrá skal verð fyrir hvert aukaeintak vera 10 kr. á matseiningu.

2. gr.

Sérvinnslur.

a) Stöðulistar.

- 700 kr. grunngjald;
- 25 kr. viðbótargjald á hverja matseiningu.

b) Eignakönnunarlistar, í samræmi við lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

- 700 kr. fyrir hverja kennitölu.

c) Aðrar sérvinnslur.

- 10.000 kr. byrjunargjald;
- 4.500 kr. fyrir hverja klst. umfram þá fyrstu;
- 2 kr. fyrir hvern útprentaðan límmiða.

3. gr.

Beinlínutengingar til uppflættinga á tölvuskjá.

a) Almennt leyfi.

- 3.400 kr. á mánuði fyrir allt að 200 aðgerðir;
- 14 kr. fyrir hverja aðgerð umfram það.

b) Sérstakt leyfi, í samræmi við lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, svo og sérlög.

- 3.400 kr. á mánuði fyrir hvern notanda;
- 14 kr. fyrir hverja aðgerð umfram 200;
- 700 kr. fyrir hvert skipti á hverja kennitölu.

4. gr.

Tímavinna.

a) 4.000 kr./klst. Sérfræðingur.

b) 3.000 kr./klst. Matsfulltrúi.

c) 2.000 kr./klst. Aðrir starfsmenn.

5. gr.

Vottorð og ljósrit.

- a) 300 kr. Vottorð úr Landskrá fasteigna.
- b) 1.000 kr. Vottorð úr Landskrá fasteigna á ensku eða dönsku.
- c) 100 kr. Ljósrit.
- d) 300 kr. Ljósrit úr Landskrá fasteigna.

6. gr.

Upplýsingagjöf í gegnum síma.

Heimilt er að taka gjald allt að 99,90 kr. á mínútu fyrir upplýsingar veittar í gegnum síma.

7. gr.

Lagaheimild og gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 24. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 725/1998 um sama efni.

Fjármálaráðuneytinu, 11. janúar 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Björn Hafsteinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 192/1993, um innskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

6. tölul. 2. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Öflun, þ.m.t. leigu, og rekstur hópþifreiða og fólksþifreiða, þ.m.t. skutþifreiða (station) og jeppa, enda hafi skattaðili ekki með höndum sölu eða leigu þessara þifreiða. Sama á við um þær sendi- og vörubifreiðir með leyfða heildarþyngd 5000 kg eða minna sem ekki uppfylla ákvæði 9. gr. reglugerðar þessarar um gerð og búnað.

2. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Ákvæði 5. og 6. gr. taka ekki til virðisaukaskatts vegna öflunar, þ.m.t. leigu, eftirtalinnna ökutækja:

1. Sendi- og vörubifreiða með leyfða heildarþyngd 5000 kg eða minna, sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

a. Skráð flutningsgeta í fólksrými skal vera minni en helmingur af skráðri burðargetu þifreiðar. Miða skal við að hver maður vegi 75 kg.

b. Farmrými, opið eða lokað, aftan við öftustu brún sætis eða millipils skal vera a.m.k. 1700 mm að hleðsludryum eða hlera. Sé það styttra skal það þó vera lengra en fólksrýmið, mælt frá miðri framrúðu.

c. Í farmrými mega hvorki vera sæti né annar búnaður til farþegaflutninga. Sé fólks- eða hópþifreið breytt í sendi- eða vörubifreið skulu með varanlegum hætti fjarlægð úr farmrými sæti ásamt sætisfestingum og öðrum búnaði til fólksflutninga.